

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1071

Dagsetning: 27. maí 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigsíður Vernharðsdóttir (ASV) sat fundinn undir liðum 1-7, Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Sigurrós Jóhannsdóttir, formaður undirbúningshóps vegna Fræðadags HH, sat fundinn undir lið 7.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 20. maí 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Upplýst var að SKÞ hyggist láta af störfum sem framkvæmdastjóri mannauðs og nýliðunar í lok ágúst næstkomandi. Ákveðið var að fara yfir skipurit HH með utanaðkomandi ráðgjafa og vinna að mögulegum breytingum áður en ráðið verður í stöðuna.

3. Ársfundur HH

Farið var yfir hvernig tókst til á ársfundi HH, sem haldinn var 22. maí. Almenn ánægja var með fundinn, bæði umgjörð og erindi. Vandræði voru með beina útsendingu frá fundinum sem þarf að tryggja að gerist ekki aftur.

4. Húsnæðismál

Umræður um stöðu Geðheilsuteymis vestur. Teymið þurfti að flytja eftir að mygla fannst í húsnæði þess. Teymið er komið í Mjóddina tímabundið á meðan húsnæðið er lagfært. Upplýsa þarf starfsfólk teymisins um stöðuna og halda því upplýstu um framvindu endurbóta á húsnæðinu.

5. Þjónustukönnun SÍ

Farið var yfir tillögur Sjúkratrygginga Íslands að spurningum um þjónustu stofnunarinnar. Til stendur að bæta tímabundið spurningunum við þjónustukönnun ríkisstofnana, sem skjólstæðingar HH fá sjálfkrafa eftir heimsókn á heilsugæslustöðvar og Geðheilsúmiðstöð barna.

6. Skipan fulltrúa í starfshóp

Embætti landlæknis óskaði eftir tilnefningu frá HH í starfshóp sem á að skilgreina og innleiða gæðavísa og árangursviðmið innan geðheilbrigðisþjónustu. Ákveðið var að ÍDH verði fulltrúi stofnunarinnar í starfshópnum.

7. Fræðadagur HH 2025

Sigurros Jóhannsdóttir, formaður undirbúningshóps vegna Fræðadags HH, kom á fundinn til ræða drög að dagskrá Fræðadags. Vel gengur að undirbúa viðburðinn og dagskrá langt komin.

8. Vinnutímabanki

Fjallað var um breytingar á vinnutímabanka og kynningu á breytingunum fyrir almenna starfsmenn.

9. Laun læknanema

Rætt var um erindi frá Læknafélags Íslands til kjara- og mannauðssýslu ríkisins um launakjör læknanema. Beðið verður eftir svari frá kjara- og mannauðssýslunni.

10. Fræðslukerfi

Umræður um kaup á nýju fræðslukerfi fyrir starfsfólk. Umfjöllun um málið var frestað til næsta fundar.

Aðgerðir og verkefni

- Upplýsa þarf starfsfólk Geðheilsuteymis vesturs um stöðuna eftir flutning teymisins, sjá lið 4.
Ábyrgð: ÍDH
- Tilkynna þarf embætti landlæknis um fulltrúa HH í starfshóp, sjá lið 6.
Ábyrgð: ÍDH
- Kynna þarf breytingar á vinnutímabanka fyrir starfsfólki, sjá lið 8.
Ábyrgð: SKP

Fundi frestað klukkan 9:45. Fundi fram haldið klukkan 13:00. Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 14:00.